

STJÓRNARTÍÐINDI B 16 – 1994

23. febrúar 1994

255

Nr. 98

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 38, 31. janúar 1991, um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. er heimilt við veiðar á úthafskarfa að klæða 25 öftustu metra flotvörpunnar, með styrktarneti með 135 mm möskvastærð.

Ákvæði 1. mgr. tekur aðeins til veiða á úthafskarfa með flotvörpu á svæði utan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. $65^{\circ} 20'N - 29^{\circ} 45'V$ (við miðlínu milli Íslands og Grænlands)
 2. $63^{\circ}N - 26^{\circ}V$
 3. $62^{\circ}N - 27^{\circ}V$
- og vestan línu, sem dregin er 180° réttvísandi frá $62^{\circ}N - 27^{\circ}V$.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. er heimilt við veiðar á blálöngu á „Franshóli“ að nota í 25 öftustu metrum vörpunnar net með 110 mm lágmarksmöskvastærð. Einnig er heimilt að klæða 25 öftustu metra vörpunnar með styrktarneti með 135 mm möskvastærð.

Ákvæði 1. mgr. tekur til veiða á svæði utan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. Skurður $27^{\circ} 40'V$ við fiskveiðimörkin.
2. $61^{\circ} 03'N - 27^{\circ} 40'V$
3. $61^{\circ} 03'N - 27^{\circ} 25'V$
4. Skurður $27^{\circ} 25'V$ við fiskveiðimörkin.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felldur úr gildi viðauki nr. 197 við reglugerð nr. 38, 31. janúar 1991, um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. febrúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.